Lýsigögn

Hagstofa Íslands

Börn í íþróttum

1. Tengiliður

1.1 Tengiliður stofnun	Hagstofa Íslands
1.2 Tengiliður deild	Félagsmál
1.3 Nafn tengiliðar	Anton Örn Karlsson
1.6 Netfang tengiliðar	anton.o.karlsson@hagstofa.is
1.7 Símanúmer tengiliðar	5281000

2. Lýsigögn uppfærð

2.3 Lýsigögn síðast uppfærð	20.11.2026
2.4 Lýsigögn síðast staðfest	20.11.2026

3. Framsetning

3.1 Lýsing á gögnum	Fjöldi barna 0–17 ára með lögheimili á Íslandi 1. janúar hver ár, fjöldi þeirra sem eru skráðir iðkendur í íþróttafélagi innan ÍSÍ/UMFÍ og hlutfall skráðra. Sex töflur, allar eftir aldri og kyni: eftir bakgrunni, landshluta, tekjutíund fjölskyldu, fjölda barna í fjölskyldu og fjölskyldugerð, auk meðalfjölda íþróttagreina á hvert skráð barn.

Lýsigögn

Hagstofa Íslands

3.2 Flokkunarkerfi

Breyta	Flokkar	Heimild og regla
Aldur	0–5, 6–9, 10–12, 13–15 og 16–17 ára	Aldur 1. janúar í þjóðskrá
Kyn	Drengir, stúlkur, kynsegin/annað	Þjóðskrá; kynsegin/annað = kyn 7 eða 8
Bakgrunnur	Enginn erlendur bakgrunnur, innflytjendur, aðrir	Bakgrunnsflokkun Hagstofunnar (kóðar 000 og 124; aðrir kóðar og börn án skráningar = aðrir)
Landshluti	8 landshlutar	Fyrsti stafur sveitarfélagsnúmers lögheimilis; 0 og 1 = höfuðborgarsvæði
Tekjutíund	1.–10. tíund, upplýsingar vantar	Samanlagðar ráðstöfunartekjur fjölskyldu samkvæmt skattframtölum
Fjöldi barna í fjölskyldu	1, 2, 3, 4 eða fleiri, upplýsingar vantar	Fjölskylduskrá 1. janúar **[Staðfesta: telur börn 0–17 eða 0–24 ára]**
Fjölskyldugerð	Einstæður faðir, einstæð móðir, tveir fullorðnir eða fleiri, upplýsingar vantar	Fjölskylduskrá (fjöldi fullorðinna) og þjóðskrá (kyn elsta fjölskyldumeðlims)

3.3 Umfang efnis - þekja

Íþróttafélög innan ÍSÍ og UMFÍ. Íþróttaiðkun utan þessara félaga er ekki með.

3.4 Hagskýrslugerðarhugtök og skilgreiningar

Skráð barn: skráð sem iðkandi hjá að minnsta kosti einu félagi á árinu.
Fjöldi greina: fjöldi skráninga (iðkana) barnsins í gögnum ÍSÍ/UMFÍ.
Tekjutíund: börnum er raðað eftir ráðstöfunartekjum fjölskyldu og skipt í tíu jafnstóra hópa; systkini lenda alltaf í sömu tíund.
Einstætt foreldri: fjölskylda með einn fullorðinn; kyn hins fullorðna ræður skiptingunni.

3.5 Hagskýrslueining

Barn

3.6 Þýði

Börn 0–17 ára með lögheimili á Íslandi 1. janúar viðmiðunarárs, samkvæmt mannfjöldagögnum Hagstofu Íslands.

3.7 Svæði

Ísland og landshlutar

Lýsigögn

Hagstofa Íslands

3.8 Tímabil	2025
3.9 Grunntímabil	Á ekki við
4. Mælieining	
4. Mælieining	Fjöldi barna, fjöldi skráðra barna, hlutfall skráðra barna (%) og meðalfjöldi greina á hvert skráð barn.
5. Viðmiðunartími	
5. Viðmiðunartími	Mannfjöldi, bakgrunnur og fjölskyldugerð miðast við 1. janúar 2025. Skráningar í íþróttafélög eiga við iðkun á árinu 2025. Ráðstöfunartekjur miðast við tekjuárið 2025.
6. Umboð	
6.1 Lög og reglugerðir	Lög og reglugerðir á vef Hagstofunnar
7. Trúnaðarkvaðir	
7.1 Trúnaðarkvaðir - stefna	Sjá reglur Hagstofunnar um meðferð trúnaðargagna. Hagstofan birtir engar upplýsingar sem rekja má til einstaklinga. Á starfsfólki hvílir þagnarskylda samkvæmt 11. gr. laga nr. 163/2007.
7.2 Trúnaðarkvaðir – meðferð gagna	Íþróttagögnin eru tengd skrám með dulkóðuðu auðkenni. Kynsegin/annað er aðeins birt í heildarlínu hverrar töflu. Í öðrum línum eru þessi börn hvorki í sínum reit (..) né í samtölu línunnar, svo ekki sé hægt að reikna þau út með frádrætti.
8. Reglur um birtingar	
8.1 Birtingaráætlun	Reglur um birtingaráætlun.
8.2 Aðgengi að birtingaráætlun	Birtingaráætlun á vef Hagstofunnar.

8.3 Aðgengi fyrir notendur	
9. Tíðni birtinga	
9. Tíðni birtinga	Árleg.
10. Aðgengileiki og skýrleiki	
10.1 Fréttatilkynningar	Á ekki við
10.2 Útgáfur	Á ekki við
10.3 Gagnasöfn á netinu	Á ekki við
10.4 Aðgengi að örgögnum	Á ekki við
10.5 Annað	Á ekki við
10.6 Skjöl um aðferðafræði	Á ekki við
10.7 Skjöl um gæðamál	Á ekki við
11. Gæðastjórnun	
11.1 Trygging gæða	Gæða- og öryggisstefna Hagstofu Íslands Meginreglur í haskýrslugerð
11.2 Gæðamat	Tölurnar eru heildartalning úr skrám og innihalda ekki úrtaksskekkju. Helstu óvissuþættir eru tengitap og munur á skilgreiningum milli heimilda (sjá 13 og 15).
12. Notagildi	

12.1 Þarfir notenda	Á ekki við
12.2 Ánægja notenda	Á ekki við
12.3 Heildstæðni	Allar birtar töflur ná til allra barna 0–17 ára. Kynsegin/annað er aðeins birt í heildarlínu (sjá 7.2).
13. Nákvæmni og áreiðanleiki	
13.1 Nákvæmni	Tölurnar byggja á heildarskráningu, ekki úrtaki. Nákvæmnin ræðst af gæðum skráninga hjá félögunum og af því hve vel gögn ÍSÍ tengjast gögnum Hagstofu Íslands.
13.2 Úrtaksvillur	Á ekki við.
13.3 Aðrar villur en úrtaksvillur (non-sampling errors)	**Þekja:** þýðið byggir á lögheimili, sem getur vikið frá raunverulegri búsetu. **Tengitap:** barn án auðkennis, eða skráning sem tengist ekki barni 0–17 ára, telst ekki með sem skráð. **Skráningarvillur:** vanskráning eða tvískráning hjá félögum. **Upplýsingar vantar:** börn sem finnast ekki í fjölskylduskrá, eða eru án tekjuupplýsinga, eru flokkuð saman.
14. Tímanleiki og stundvísi	
14.1 Tímanleiki	Gögn ÍSÍ/UMFÍ um iðkun árið 2025 voru sótt í ágúst 2026. Birting í nóvember, tæpum 12 mánuðum eftir lok viðmiðunarárs.
14.2 Stundvísi	Á ekki við.
15. Samræmi og samanburðarhæfni	
15.1 Samanburðarhæfni – landfræðileg	Sömu skilgreiningar gilda um allt land. Engin samsvarandi evrópsk tölfræði er til samanburðar.
15.2 Samanburðarhæfni – yfir tíma	Fyrsta viðmiðunarár er 2025. Flokkanir og kóðar eru fastir svo hægt sé að bæta nýjum árum við töflurnar

Lýsigögn

Hagstofa Íslands

15.3 Samræmi – milli efnissviða	Samræmi er við birtar tölur ÍSÍ og við birtar mannfjöldatölur Hagstofunnar.
15.4 Samræmi – innan efnissviðs	Allar sex birtar töflur hafa sömu heildartölu barna og skráðra barna eftir aldri og kyni; prófanir staðfesta það í hverri keyrslu.

16. Kostnaður og svarbyrði

16. Kostnaður og svarbyrði	Engin ný gagnasöfnun. Byggt er á gögnum sem ÍSÍ og UMFÍ safna nú þegar frá félögunum og á skrám Hagstofunnar, svo svarbyrði eykst ekki.

17. Endurskoðun hagtalna

17.1 Endurskoðun hagtalna - stefna	Stefna Hagstofu Íslands um endurskoðun hagtalna
17.2 Endurskoðun hagtalna - framkvæmd	Á ekki við

18. Úrvinnsla hagskýrslna

18.1 Grunngögn

Heimild	Gögn	Notað í
ÍSÍ/UMFÍ	Skráningar iðkenda	Öllum töflum
Hagstofan, mannfjöldi 1. janúar	Aldur, kyn, lögheimili og fjölskyldunúmer	Öllum töflum
Hagstofan, bakgrunnsflokkun	Bakgrunnur hvers barns	MEN30101
Fjölskylduskrá 1. janúar	Stærð fjölskyldu, fjöldi barna og aldur	MEN30104–MEN30106
Skattframtöl einstaklinga	Ráðstöfunartekjur fjölskyldumeðlima	MEN30104

18.2 Tíðni gagnasöfnunar	Árleg
18.3 Gagnasöfnun	Hagstofan safnar ekki gögnum sjálf. ÍSÍ/UMFÍ afhendir skráningargögn árlega til Hagstofunnar; önnur gögn eru úr skrám Hagstofunnar.

Lýsigögn

Hagstofa Íslands

18.4 Sannprófun	Ef prófun fellur eru PX-skrár ekki skrifaðar. 1. Skrefaskrá: fjöldi barna og skráðra barna í hverju skrefi, frá þjóðskrá að PX-skrá; tafla fellur ef talan breytist. 2. Tengingar: hlutfall barna án auðkennis, bakgrunns, landshluta, fjölskyldu eða tekna, og hvers vegna skráningar ÍSÍ tengjast ekki. 3. Tvítekningar á lyklum sem gætu tvöfaldað börn eða tekjur. 4. Reitaprófanir: samtölur standast, hlutföll passa við fjölda og allar töflur hafa sömu heildartölur. 5. Samanburður við MAN00101, MAN43000, MAN02005, MAN07109 og birta tölfræði ÍSÍ. 6. Samanburður við fyrra ár þegar eldri töflur eru til.
18.5 Gagnavinnsla	1. Skráningar úr eru teknar saman í eina línu á einstakling. 2. Aðeins börn 0–17 ára 1. janúar samkvæmt fjölskylduskrá eru höfð með. 3. Gögnin eru tengd við mannfjölda 1. janúar, bakgrunn, fjölskylduskrá og skattframtöl. 4. Tekjutíundir eru myndaðar yfir börn, og systkini lenda í sömu tíund. 5. Töflur eru reiknaðar með öllum samtölum og skrifaðar sem PX-skrár á íslensku og ensku.
18.6 Aðlögun	Á ekki við.
19. Athugasemdir	
19. Athugasemdir	